

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2017, miðvikudaginn 26. apríl, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **104. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Í upphafi fundar var tekið fyrir kjör varaformanns byggingarnefndar, þar sem Egill Bjarnason varaformaður nefndarinnar er fluttur úr Hörgársveit og hefur Hörgársveit kosið Unnar Eiríksson, Skógarhlíð 39, sem aðalmann í byggingarnefnd. Byggingarnefnd kaus Unnar Eiríksson sem varaformann nefndarinnar.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Kristinn Ásmundsson, Höfða 2, Grýtubakkahrepp, sækir um leyfi fyrir að breyta og byggja við núverandi fjós og hlöðu á jörðinni Höfða 2, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Ívari Ragnarssyni, dags. 10.04.2017, verk nr. 17-507.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

2. Grænegg ehf, Værðarhvammi, Svalbarðsstrandahrepp, sækja um leyfi fyrir að byggja varphús á jörðinni Sveinbjarnargerði II, Svalbarðsstrandahrepp. Húsið er áfast vélageymslu og að mestu leyti á steiptum sökkli þar sem áður var alifuglahús. Meðfylgjandi teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 20.04.2017, verk nr. 17-1201.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Bergþóra Aradóttir, Sólheimum 9, Svalbarðsstrandahrepp, sækir um leyfi fyrir að byggja bílskúr að Sólheimum 9. Fyrirhugað er að innrétta í bílskúrnum 2 herbergi með snyrtingum og nota til útleigu í ferðaþjónustu til að byrja með. Meðfylgjandi er teikning af bílskúrnum og einnig teikning sem sýnir innréttingu með herbergjum, frá H.S.Á teiknistofu, dags. 01.04.2017, verk nr. 00-306.

Byggingarnefnd samþykkir bílskúrinn, en notkun á honum til útleigu í ferðaþjónustu er samþykkt í 5 ár.

4. Öngulsstaðir III sf, Öngulsstöðum, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að breyta vinnustofu í fundarherbergi o.fl. í suðurenda á ferðaþjónustuhúsi (áður hlöða) á Öngulsstöðum. Meðfylgjandi er grunnplansteikning sem sýnir breytingarnar frá Gísla Kristjánssyni, dags. 21.02.2017, teikning nr. 102, B0.

Byggingarnefnd frestar afgreiðslu á erindinu og óskar eftir að skilað verði inn teikningu sem gerir betur grein fyrir breytingunum.

5. Birgir H. Arason, Gullbrekku, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að breyta og byggja við fjós og hlöðu á jörðinni Gullbrekku, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Ívari Ragnarssyni, dags. 18.03.2017, verk nr. 17-505.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

6. Inga Bára Ragnarsdóttir, Meltröð 4-202, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að byggja einbýlishús á lóð nr. 8 við Bakkatröð, Hrafnagilshverfi. Meðfylgjandi eru lítillaga breyttar teikningar frá áður samþykktum teikningum á lóðinni frá Opus ehf, dags. 14. sept. 2015, verk nr. 140101, br. dags. 9. febr. 2017.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Klængur og Sighvatur Stefánssynir, Hlöðum, Hörgársveit, sækja um leyfi fyrir breytingum og viðbyggingu við hlöðu sem breyta á í geldneytahús á jörðinni Hlöðum. Meðfylgjandi teikningar eru frá Ívari Ragnarssyni, dags. 28.03.2017, verk nr. 17-506.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Helgi Bjarni Steinsson, Syðri-Bægisá, Hörgársveit, sækir um leyfir fyrir að byggja fjós á jörðinni Syðri-Bægisá, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Ívari Ragnarssyni, dags.12.03.2017, verk nr. 17-502.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

9. Gísli Pálsson, Víðilundi 3, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að byggja sumarhús í Tunguseli (Dagverðartungu), Hörgársveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Steinmar H. Rögnvaldsson, dags. 12.09.2016, verk nr. 16-1210.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

10. Norðursigling hf, Hafnarstétt 9, Húsavík, sækir um stöðuleyfi til 2ja ára fyrir afgreiðsluhúsi til hvalaskoðunar á Hjalteyri, Hörgársveit. Meðfylgjandi er ljósmynd af húsinu og mynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleiri mál ekki tekin fyrir. Fundi slitið kl. 16.00.

Hreiðar B. Hreiðarsson
Benedikt Sveinsson
Vigfús Björnsson

Unnar Eiríksson
Elmar Sigurgeirsson

Björn Ingason
Jósavin Gunnarsson